

NORRÆN NÁMSKRÁ

MEÐFÆDD DAUFBLINDA



norden

Nordens Velfärdscenter



NORRÆN NÁMSKRÁ – MEÐFÆDD DAUFBLINDA

Published by
Nordic Centre for Welfare and Social Issues
www.nordicwelfare.org
© January 2016

Executive editor and publisher:
Ewa Persson Göransson

Graphic design: Victoria Henriksson
Photos: Lars Åke Andersen
Illustration: Lena Idermark

Nordic Centre for Welfare and Social Issues Sweden

Box 1073, 101 39 Stockholm, Sweden
Visiting address: Drottninggatan 30
Phone: +46 8 545 536 00
info@nordicwelfare.org

Nordic Centre for Welfare and Social Issues Finland

Pohjoismainen hyvinvointikeskus c/o Terveystien ja hyvinvoinnin laitos
PB 30, 00271 Helsinki, Finland
Visiting address: Mannerheimintie 168 B
Phone: +358 (0)20 7410 880
helsingfors@nordicwelfare.org

Nordic Centre for Welfare and Social Issues Finland

c/o Institutet för hälsa och välfärd, PB 30, 00271 Helsingfors, Finland
Visiting address: Mannerheimvägen 168 B
Phone: +358 20 7410 880
helsingfors@nordicwelfare.org

The report can be downloaded at www.nordicwelfare.org

FORMÁLI

Ef sérfræðingar á Norðurlöndum eiga að geta átt sem auðveldust samskipti sín á milli, er mikilvægt að notast við sameiginlega faglega nálgun, sem og að viðhalda og skapa sameiginlegt norrænt fagmál. Norræna námskráin er hugsuð sem grundvöllur fyrir grunnmenntun í löndunum, sem má túlka og aðlaga námskrám hvers ríkis fyrir sig og fyrirkomulagi á hverjum stað. Þessi námskrá byggir á fyrri norrænum námskrám. Ætlunin er að skapa faglegan grundvöll þannig að fundir á öðrum norrænum vettvangi verði þýðingarmiklir og lærdómsríkir, til dæmis á námskeiðum Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) og í norrænum tengslanetum.

Norðurlöndunum var falið af Nordisk Lederforum árið 2013 að endurskoða norrænu námskrána. Verkefnið fólst í að endurskoða námskrána og uppfæra hana að fræðikenningum nútímans. Vinnuhópurinn ákvað að þessi endurskoðun yrði þannig frá gengin að hún væri óháð fyrri námskrám. Þessi námskrá lýsir ekki innihaldi námskeiðanna í smáatriðum, en á að vera almennt verkfæri fyrir sérlagðar námskrár í löndunum. Námskráin varð til í vinnu hópsins og í samráði við sérfræðinga á Norðurlöndunum.

Hópin skipuðu:

Annica Boström SPSM Svíþjóð, Monika Estenberger NKCDb Svíþjóð, Trine Seljeseth Nasjonal kompetansetjeneste for døvblinde („Norsku þekkingarmiðstöðinni fyrir dauðblinda“) UNN („Háskólasjúkrahúsinu í Norður-Noregi“) Noregi og Helle Buelund Selling CDH Danmörku.

Johanna Rönkä frá Kuurosokeat (Finnska dauðblindrafélaginu) Finnlandi, Merja Kovanen frá Kuurosokeat Finnlandi og Estella Björnsson frá Miðstöð Íslandi fylgdust með vinnunni og gerðu athugasemdir.



NORRÆN NÁMSKRÁ FRÁ SJÓNARHORNÍ SAMRÆÐU

Samskipti verða til og merking myndast í samræðum. Þróun samskipta er svoleiðis háð því að fólk hittist og að góðar samræður verði til. Það verður að koma til móts við einstaklinga með meðfædda daufblindu á þeirra forsendum. Það reynir á samskiptin þegar fjarskilningarvitin virka ekki eins og best verður á kosið. Þegar koma á til móts við einstaklinga með meðfædda daufblindu þarf góða samskiptafélaga sem skilja þau viðfangsefni sem við er að glíma í samskiptunum. Því er mikilvægt að sem flestir sem vinna með hverjum einstaklingi fyrir sig með meðfædda daufblindu geti tekið þátt í námi um það sem er sérstakt við meðfædda daufblindu.

Norræna námskráin beitir sjónarhorni samræðu á samskipti og nám. Í því liggur að í samskiptum við annan einstakling er lögð sérstök áhersla á skilning á þróun gagnkvæms sambands. Námskránni er ætlað að stuðla að því að tryggja að móta megi yfirvegaða og hæfa samskiptafélaga á Norðurlöndum. Námskráin gerir ráð fyrir námi í samræðum á milli námskeiðshaldara og þátttakanda til að tryggja að námsefnið nýtist í eigin starfi. Aukin færni fæst bæði í grunnnámi í löndunum og á námskeiðum hjá NVC. Það getur einnig leitt til þess að sumir kjósi að sérhæfa sig frekar í ólíku meistaranámi og í rannsóknarverkefnum.

SKIPULAG

Námskránni er ætlað að vera lifandi skjal sem á að stuðla að sanngjarnri norrænni grunnmenntun. Hún á að virka sem vinnutæki fyrir námskeiðsstjóra og kennara og hana má nota sem líkan eða tæki til að þróa grunnnámið í löndunum. Námskráin er lifandi þannig að hún á að þróast í takti við fagumhverfið. Ætlunin er að námskráin verði tengd norrænum vinnuhópi sem lagar hana eftir þörfum og hana skal vera hægt að nota óháð kennslufyrirkomulagi í hverju landi fyrir sig.


Í því skyni að byggja upp góða aðstoð fyrir einstaklinga með meðfædda dauflindu, ætti grunnnámið alltaf að vera reist á þekkingu sem byggist á rannsóknum og reynslu. Áhersla á og einbeiting að innihaldinu einkennist af framlagi þátttakenda og á að falla að þeim einstaklingum sem nemarnir vinna með.

Námskráin skiptist í fjóra hluta:

- Námsmarkmið
- Innihald
- Aðferðir
- Íhugun

Þessir þættir hafa áhrif innbyrðis þegar námskeiðshaldari veltir fyrir sér: *Erum við að gera réttu hlutina, fyrir réttan einstakling, í réttri röð og á réttum tíma?*

Líkanið má nota af námskeiðshaldara/kennara sem verkfæri í undirbúningi námskeiðs til að tryggja að samhengi sé á milli námsmarkmiða, innihalds, aðferða og eigin vangaveltna. Líkanið má einnig nota við mat á einstökum námskeiðum eða grunnnámi til þróunar og tryggingar gæða.



Íhugun

Gæði nást fram með:

- Íhugun
- Ferlisvinnu

Aðferðir

Nemar skulu hafa tök á að hafa áhrif á eigin námsframvindu

- Námsfræðingur byggist á dæmum úr starfi

Námsmarkmið

Fagleg þróun næst fram með

- Þátttöku
- Samskiptum

Innihald

Viðfangsefni sem eru mikilvæg fyrir góða félagsfærni

- Siðferði og mannlegt eðli
- Dauflinda
- Samspil skynfæra
- Samskipti

NÁMSMARKMIÐ

Námskeiðshaldarinn lýsir tilgangi námskeiðs með námsmarkmiðum sínum. Grunnviðmið norrænu námskrárinnar er menntun yfirvegaðra samskiptafélaga. Einnig er möguleiki á að einstök námskeið hafi önnur námsmarkmið. Svo orða megi þýðingarmikil námsmarkmið getur verið gagnlegt fyrir námskeiðshaldara að velta eftirfarandi atriðum fyrir sér í byrjun:

- Hvaða þekkingu eiga nemarnir að hafa tileinkað sér að loknu námskeiði og hvers vegna?
- Hvaða þekkingu hafa nemarnir þörf fyrir?
 - Til þess að geta tengt innihaldið starfinu.
 - Til þess að velta vöngum yfir eigin stöðu sem samskiptafélagi.
 - Til að geta sett fram tilgátu, þróað og framkvæmt hluti í eigin starfi.
 - Til að hrinda þekkingunni í framkvæmd í daglegu starfi.

Skilgreining á væntingum og þörfum nemanna er með til þess að tryggja námsumhverfi byggt á samræðu. Það er því mikilvægt að þetta fari fram í samstarfi við nemana í upphafi grunnnámsins.

INNIHALD

Innihald námskrárinnar er sett saman úr ólíkum megin viðfangsefnum sem í heild eiga að veita grunnþekkingu á meðfæddri daufblindu og því sem er sérstakt við fötlunina. Markmiðið er að nemarnir þrói góða félagaferni. Með því er átt við nægilega mikla getu til að geta komið til móts við einstakling í sameiginlegu verkefni á jafnréttisgrundvelli með hliðsjón af áhugamálum og færni hvers fyrir sig. Markmiðið er að koma til móts við einstaklinga með daufblindu á þann hátt að hann eða hún finni hjá sér hæfileikann, traustið og viljann til að eiga samskipti og vera virkur í samskiptum við aðra.

SIÐFERÐI OG MANNLEGT EÐLI

Námsmarkmið: Nemarnir skulu hafa þekkingu á mannlegu eðli og helstu lögmálum þess, sem og velta vöngum yfir eigin hlutverki sem samskiptafélagi og skipuleggjandi.

Lykilhugtök eru

- Lífsgæði og vellíðan
- Virðing
- Aðlögun að hóp
- Traust og öryggiskennnd
- Aðgengi og þátttaka
- Heilindi
- Sjálfsákvörðunarréttur og sjálfstæði
- Örvun, tilbreytni og þróun.

FÖTLUNIN MEÐFÆDD DAUFBLINDA

Námsmarkmið: Nemarnir skulu hafa grunnþekkingu á einkennum daufblindu. Nemarnir skulu líka þekkja til aðlögunar og skipulags á félagslegu og ytra umhverfi með tilliti til aukinnar þátttöku.

Lýsing á fötluninni

- Saga daufblindu í tímanna rás
- Norræn skilgreining

- Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og viðeigandi lög í löndunum um þátttöku og aðgengi
- Greining hópsins
 - Lýsing á breytileika einstaklinga með daufblindu, hópnum og ástæðum

Sérkenni sjón- og heyrnarskerðingar/daufblindu

- Líkamlegt snertiviðmið er nauðsynlegt til að styðja við hugsanlegar sjón- og heyrnarleifar í þróun samskipta
- Nám sem byggist á stuttum atburðarásum (erfitt að skilja samhengi og merkingu, nám tekur langan tíma)
- Hætta á félagslegri einangrun og skyndoða
- Hætta á að geta ekki þroskað hæfileika sína þar sem ekki er komið til móts við einstaklinginn sem manneskju sem getur tjáð sig

Sértæk aðlögun

- Mikilvægi skipulags félagslegs, sálræns og ytra umhverfis
- Upplýsingar, samskipti og rötun
- Einstaklingsbundin og aðstæðubundin aðlögun
- Hjálpartæki

SAMSPIL SKYNFÆRA

Námsmarkmið: Nemarnir skulu hafa þekkingu á ólíkum skynfærum og hvernig þau spila saman og hafa áhrif innbyrðis. Nemarnir skulu líka hafa grunnþekkingu á hlutverki skynfæranna þannig að framkvæma megi einstaklingsbundna aðlögun eftir aðstæðum.

Innbyrðis hlutverk skynfæra

- Skynjun og hugarstarf
- Uppbygging skynfæra, hlutverk og örvun
- Snerti-/líkamlegt skynform sem nauðsynlegur stuðningur
- Lausnarleiðir þegar samhæfing skynfæra virkar ekki

SAMSKIPTI

Námsmarkmið: Nemarnir skulu hafa þekkingu á samskiptum og þróun samskipta frá sjónarhorni daufblindu. Nemarnir skulu einnig hafa skilning á gagnkvæmum áhrifum þegar þeir hitta aðra og eiga að geta íhugað og þróað faglega vitund sína sem góður samskiptafélagi.

Forsendur góðra samskipta snúast um að skapa gagnkvæm og traust tengsl:

- Grundvallarforsendur samræðna (bera kennsl á snemmbæra samskiptalega og tilfinningalega uppbyggingu og geta séð möguleika til aukins þroska):
 - Samstilling, gagnkvæmni, eftirlíking
 - Að taka frumkvæði, að gefa frumkvæði og að skiptast á
 - Sameiginleg athygli (rytmi, taktur, sláttur, tími og hraði, grunnþættir tónlistar, skipta máli fyrir góð samskipti)
- Samræður tveggja og fleiri aðila
- Snertisamskipti
- Sameiginleg upplifun í merkingarbæru starfi
- Hugmyndafræðin að baki alhliða samskiptum (munur á samskiptum og upplýsingum)
- Látið reyna á tungumál og mikilvægi þess að vera í málaumhverfi





AÐFERÐIR

Þessi hluti inniheldur tillögur að ólíkum aðferðum sem námskeiðshaldari og nemi geta notað til þess að stuðla á sem bestan hátt að aukinni færni. Námskeiðsstjóri og nemi finni í sameiningu hentugustu aðferðirnar til aukinnar færni. Val á aðferðum þarf að móta í námsumhverfi fyrir samræðu sem byggir á forsendum og þörfum nemanna.

- Stefnt er að því að námskeiðið/námið skuli byggja á dæmum úr starfi. Dæmin þurfa að tengjast nemunum, en það getur annað hvort falið í sér starf í beinu sambandi við notendur eða leiðsagnarhlutverk fyrir starfsmannahóp.
- Aðferðirnar skulu tryggja að nemarnir taki virka afstöðu til eigin náms, framkvæmdar og aukinnar færni.

Tillaga að verkfærum til að ná fram námsmarkmiðum námskrárinnar:

- Kvikmyndir sem kennslufræðilegt tæki (til dæmis myndbandsgreining, athugun og íhugun)
- Kvikmyndadæmi (kvikmyndabútar sem góð dæmi)
- Hagnýtar æfingar
- Leiðarbækur
- „Summing“ tveir og tveir eða litlir hópar
- Hópvinna
- Verkefni og heimaverkefni
- Heimildarit og greinar

Kennsluform:

- Fjarkennsla
- Málstofur
- Leiðsögn
- Þemadagar
- Allsherjarfyrirlestur
- Námsheimsóknir
- Náms hópar/tengslanet
- Starfsþjálfun
- Meistaránám

ÍHUGUN

Gæði nást fram með íhugun um eigin starfshætti, námsmarkmið, val á efni og aðlögun kennslu. Íhugun er ferli sem á sér stað í grunnnáminu öllu. Hugsanlegar lykilspurningar gætu verið:

- Hvernig má tryggja að við náum í gegnum allt efnið?
 - Er varpað nægilega skýru ljósi á öll viðfangsefni?
- Hvernig má tryggja að þátttakendur geti haft áhrif á eigin námsframvindu?
- Eru einhver sérstök atriði sem námskeiðsstjóri/kennari ætti að veita athygli?
- Er samhengi og merking í því sem miðlað er?
- Hvernig er efnið og fræðikenningarnar tengt hagnýtu starfi?
- Á hvaða hátt getur leiðsögn stutt við námsferlið?

Til að tryggja sem mest gæði er mælt með að námskeiðsstjóri og kennari skipuleggi og íhugi málin í sameiningu, sem og að kennari velti jafnóðum vöngum yfir eigin starfsháttum sem fyrirlesari.

HEIMILDARIT OG UPPLÝSINGAR

Heimildaskrár frá löndunum, viðeigandi kvikmyndir og vefsvæði. Uppfærða lista frá hverju Norðurlandanna má finna á vefsvæðum landanna.

NORDENS VÄLFÄRDSCENTER

– EN INSTITUTION UNDER NORDISKA MINISTERRÅDET

Vi främjar och stärker den nordiska välfärdsmodellen.

Kunskap

Vi samlar erfarenheter från de nordiska länderna inom det välfärdspolitiska området.

Vidareföring

Vi sprider kunskap via våra aktiviteter och nätverk.

Dialog

Vi skapar dialog mellan politiker, forskare och praktiker.

Vi arbetar med

Välfärdspolitik

Funktionshindersfrågor

Arbetsinkludering

Alkohol- och drogfrågor

Välfärdsteknologi



norden

Nordens Valfärdscenter